

**Kennari:**  
Haukur Hilmarsson

**Kennslufyrirkomulag:**  
Verklegt nám í smiðjutvennd

**Tímafjöldi:**  
6 kennslustundir

**Bekkur:**  
8. bekkur

## Hönnun og smíði

Hönnun og smíði sem námsgrein á sér langa sögu. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfu einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Auk þess er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna.

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokka, handverk, hönnun og tækni, og umhverfi, og eru þeir megináherslusvið greinarinnar. Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis.

Lögð er áhersla á að nemendur læri rétta notkun hlífðarbúnaðar og þekki hugtakið vinnuvernd.

| Hönnun og smíði             |  |  |   |
|-----------------------------|--|--|---|
| Námsþættir:                 | Námsefni:  | Hæfniviðmið:<br><i>Að nemendur geti:</i>   | Leiðir:   |
| Hönnun, smíði og samsetning | Efni af vef Ýmsar handbækur og blöð  | <ul style="list-style-type: none"> <li>– alið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra</li> <li>– unnið sjálfstætt eftir Verkáætlun og vinnuteikningum, útbúið efnislista og reiknað kostnað</li> <li>– beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar</li> <li>– unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði og fylgt fyrirmælum</li> <li>– sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði</li> </ul> | <p>Sýnikennsla í hópi</p> <p>Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu</p> <p>Sköpunarpörf og sjálfstæði</p> <p>nemandans fá að njóta sín</p> |
| <b>Námsmat:</b>             | Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. |  |   |

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

|   |                    |
|---|--------------------|
|  | Framúrskarandi     |
|  | Hæfni náð          |
|  | Á góðri leið       |
|  | Þarfnast þjálfunar |
|  | Lokið              |
|  | Ólokið             |
|  | Undanþága          |